

Til farþega sem eru á leið til El Plantio haustið 2010



Hans Henttinen heiti ég og verð fararstjóri á El Plantio haustið 2010, (25.sept-6.nóv).

Hér að neðan eru ýmsar praktískar upplýsingar sem ég hef tekið saman um hótelið og golfvöllinn. Ég mæli með að þið prentið þetta út og takið með ykkur. Einnig verða þessar upplýsingar í möppu í afgreiðslunni á hótelinu.

Fyrir brottför

Vinsamlega hafið í huga að leyfileg þyngd farangurs er samtals 27 kg. á mann. Okkar ráð til að forðast yfirvikt er að eiga léttan og fyrirferðalítinn golfpoka og að skoða hvað er í pokanum áður en honum er pakkað.


Við komu



Flest ykkar komið með flugi til Alicante og mun ég, eða einhver í minn stað, taka á móti ykkur á flugvöllinum. Þegar upp í rútu er komið eru einungis um 5-8 mín akstur inn á Plantio. Við innritun þarf sá sem er skráður fyrir íbúðinni að afhenda vegabréfið sitt sem hann getur svo nálgast aftur daginn eftir. Eftir að þið hafið komið farangri fyrir í íbúðunum hittumst við í matsalnum í aðalbyggingunni þar sem kvöldmatur býður eftir okkur.

Við innritun fá allir "armband", svona eins og við fengum á diskótekinu í gamla daga :-). Þetta armband staðfestir að þið séuð hluti af hóp sem er með allt innifalið í ferðinni. Ekki er skylda að festa armbandið á sig en það þarf að gæta þess að hafa það með sér við úttekt á veitingum.

Íbúðirnar



Íbúðirnar eru í nokkrum byggingum umhverfis aðalbygginguna. Þær eru mjög vel búnar með öllum nauðsynlegum þægindum. Við höfum óskað sérstaklega eftir því að flestar/allar íbúðirnar sem okkar farþegar fá séu með svalir sem snúa að eftirmiðdags og kvöldsólinni. Eitt lítið öryggisatriði sem ég vil nefna varðandi íbúðirnar. Þegar þið farið út á morgnanna þá mæli ég með að hlerar sem eru fyrir utan glugga og svalahurðir séu dregnir niður. Þeir eru rafmagnsknúnir og stjórnað með rofum inni í íbúðunum, (einfalt og þægilegt og ákveðið öryggi).

Matur



Morgunmatur er framreiddur milli 07:15-10:30, (hlaðborð). Kvöldmatur er framreiddur milli 19:30-22:30, (hlaðborð). Hádegismatur er í boði í klúbbhúsinu eftir að við komum inn eftir 18 holur. Hægt er að velja milli fjögurra forréttta, tveggja aðalréttta og eftirréttta. Þeir eru sveigjanlegir með þennan matseðil þannig að ef þið viljið t.d. fá einhvern forréttinn útbúinn sem aðalrétt þá er það ekkert mál. Eins er lítið mál að fá þá til að útbúa eitthvað annað en það sem er á matseðlinum. Með hádegismatnum fylgja tveir fríir drykkir, áfengir eða óáfengir. Fyrir þá sem eru ekki í golfi þá er hægt að panta ýmsa rétti á barnum á hótelinu allan daginn en það er ekkert hlaðborð í hádeginu.

Barinn

Eins og segir hér að ofan þá eru tveir fríir drykkir í klúbbhúsinu með hádegismatnum. Barinn á hótelinu er hins vegar opinn fram á kvöld og þar er gott úrval innlenrda drykkja í boði til kl. **23:00**.

Að komast á golfvöllinn



Á hótelinu er bíll sem tekur 8 manns í sæti. Hann fer með okkar farþega á golfvöllinn á morgnana. Fyrsta ferð er ca 20-30 mín fyrir fyrsta rástíma. Æskilegt er að það fari sem flestir í hvern bíl/ferð til að nýta ferðirnar betur. Þegar við viljum svo komast aftur upp á hótél þá látum við prósjoppuna hringja fyrir okkur og bíllinn kemur og sækir okkur. Ég vil líka benda á að húsin okkar standa við 4. og 5. braut vallarins og það er lítið mál að fara út á völl og röltu niður að klúbbhúsi, þetta er ca 10 mín rölt fyrir þá sem kjósa að ganga. Einnig vil ég benda á við getum geymt settin okkar á vellinum.

Skjótast í bæinn eða búðina

Bíllinn sem hótelið er með, (8 manna), stendur okkur einnig til boða ef við viljum komast í matvörumarkað til að versla inn. Margir kjósa að eiga t.d. vatn, ávexti og jafnvel bjór í ísskápnum í íbúðinni. Hver ferð með bílnum kostar 10 evrur, (hvor leið), sem deilist á þá sem ferðast með bílnum. Sumir vilja breyta til eina kvöldstund og fara niður í bæ í kvöldmat og þá er góður kostur að nota hótélbílinn en við bendum þó á að þegar farið er heim úr bænum þá þurfum við að taka leigubíl.

Golfvöllurinn



Það eru tveir vellir sem við höfum aðgang að. Annars vegar er það aðalvöllurinn, (par 72), og hins vegar par-3 völlur, (par 54). Hér neðar í skjalinu hef ég sett inn slope-töflurnar fyrir báða vellina svo þið getið séð hvaða forgjöf þið fáið á vellina. Við eigum bókaða rástíma á stóra vellinum en ég hvet ykkur til að prufa líka litla völlinn. Það þarf ekki að bóka rástíma á honum. Fyrir þá sem ætla sér bara að spila 18 holur á dag þá er ekki galið að skjótast einn hring á litla vellinum eftir hádegismat.



Á vellinum er gott æfingasvæði. Púttflötin er við hliðina á klúbbhúsinu og þar handan við er æfingasvæðið. Fatan í boltavélinni kostar eina evru.

Stóri völlurinn er par 72. Hann er 6.272m af hvítum, 5.887m af gulum og 5.289m af rauðum teigum. Þetta er það sem ég myndi kalla dæmigerður "parkland völlur". Brautirnar eru sæmilega breiðar og trén beggja vegna brauta eru ekki það "þétt" að ekki megi bjarga sér út úr þeim. Á vellinum eru fjórar par-3 brautir og 4 par-5 brautir sem skiptast jafnt á fyrri og seinni 9 holurnar.

Golfkerrur eru innifaldar en golfbílarnir kosta 20 evrur dagurinn, (10 evrur á mann ef tveir saman með bíl). Þeir sem spila meira en 18 holur á dag þurfa ekki að greiða meira fyrir bílinn. Það má keyra bílana út á brautirnar en auðvitað þarf svo að fara eftir sérstökum merkingum á brautunum sem beina bílum frá flötum. Eins og á flestum völlum þá er ekki farið á bílunum inn á brautir á par-3 holunum. Það er reynda ein par-4 braut á vellinum þar sem ekki má fara á bílum inn á braut, það er 13.brautin sem er nokkurs konar "signature hola" vallarins. Þess ber að geta að ekki er ætlast til að nota golfbíla á litla vellinum, þar tekur fólk bara kerrur enda völlurinn stuttur og auðveldur yfirferðar.



Rástímar

Ég hef þann háttinn á að setja upp rástíma einn dag í einu og hef tímana klára um kvöldmatarleitið. Rástímana set ég svo í möppu sem liggur frammi í afgreiðslu á hótelinu. Þeir sem eru með sérstakar óskir um rástíma og meðspilara mega endilega senda mér tölvupóst og ég reyni að verða við óskum allra, (sjá netfangið mitt hér neðar í skjalinu). Lang flesta dagana erum við að hefja leik milli kl. 08-09 á 1.teig. Það kemur fyrir að við þurfum að ræsa út bæði á 1. og 10.teig. Hér að neðan má svo sjá hvenær við hefjum leik dag hvern. Þetta er með fyrirvara um mögulegar breytingar.

26.sep	27.sep	28.sep	29.sep	30.sep	01.okt	02.okt	08.okt	09.okt	10.okt	11.okt	12.okt	13.okt
09:36	08:00	08:00	08:32	08:08	08:32	08:24	09:04	09:04	10:00	08:16	08:00	08:56
14.okt	15.okt	16.okt	17.okt	18.okt	19.okt	20.okt	21.okt	22.okt	23.okt	24.okt	25.okt	26.okt
08:16	08:00	08:00	08:00	08:00	08:00	08:00	08:00	08:00	08:24	08:00	08:00	08:00
27.okt	28.okt	29.okt	30.okt	31.okt	01.nóv	02.nóv	03.nóv	04.nóv	05.nóv	06.nóv		
08:00	08:00	08:00	14:32*	08:00	08:00	08:24	08:00	08:00	13:04**	08:24		

* Shotgun start á öllum teigum, (einnig með frátekinna litla völlinn fyrir hádegi)

** Eigum einnig bókaða rástíma kl 08:00 um morguninn á stóra vellinum (9 holur).



Varðandi aukagolf þá er það háð því að það séu lausir rástímar eftir hádegi. Aukagolf er ekki hægt að bóka fyrirfram. Best er að fara strax í prósjoppuna eftir golfið fyrir hádegi og kanna með lausa rástíma áður en farið er í hádegismat. Þeir hjá El Plantio tjá okkur hins vegar að umferð á vellinum á þeim tíma sem við erum á staðnum sé ekki mjög mikil og oftast sé hægt að fá aukagolf eftir hádegi.

Við brottför

Á brottfarardegi þarf að losa íbúðirnar fyrir kl. 12:00. Þar sem allir hóparnir eiga rástíma snemma á brottfarardegi þá þarf það að gerast áður en fólk fer í golf. Þeir á hótelinu eru reyndar mjög liðlegir með að leyfa okkur að halda íbúðunum til ca kl 16 ef aðstæður á hótelinu leyfa það. Við getum ekki svarað því fyrir en 1-2 dögum fyrir brottför hvers hóps. Í versta falli getum við haldið nokkrum íbúðum og fólk því sameinast um að nýta þær á brottfarardegi. **Munið að skila lyklum af íbúðum við brottför.**

Læknisþjónusta

Ef upp koma veikindi þá er hægt að fá lækni inn á hótél og eins er ríkisrekin heilsugæsla skammt frá. Vinsamlegast talið við fararstjóra og/eða starfsfólk í afgreiðslu hótelsins til að fá nánari upplýsingar. Neyðarnúmer á Spáni er það sama og heima á Íslandi (112).

Annað

Ég mun sjá um að ræsa út í golfinu alla morgna og stundum kem ég til með að spila með í síðasta holli ef það er laust pláss. Þeir sem leika aukagolf sjá sjálfir um að bóka það eftir fyrri hring dagsins. Það fer eftir vilja og stemningunni í hverjum hóp fyrir sig hvort ég fái að hrista svolítið upp í hópnum og blanda í holl þannig að fólk fái að spila með fólki sem það er ekki að ferðast með. Eins mun ég skella á golfmótum ef vilji er fyrir því.

Aðfaranótt sunnudagsins 31.október er klukkunni breytt á Spáni. Kl 03:00 um nóttina þá er henni breytt í 02:00. Muna að breyta klukkum/gsm sínum áður en farið er að sofa á laugardeginum. Við fáum því klukkutíma lengri svefn þessa nótt.



Ef eitthvað kemur upp á þá er alltaf hægt að ná á mig. Ég er í íbúð nr. _____ og GSM-síminn minn á Spáni er _____. Þegar hringt er í þetta númer þá er það rukkað sem innanbæjarsímatal. Ef svo ólíklega vill til að það náist ekki í mig þá er neyðarúrræði að hringja í Ingiberg í síma 6717-444-63.

Sjáumst á El Plantio,
Hans Henttinen
Email: hans3232@gmail.com

Heimsókn til Hesperia

Við höfum gert samkomulag við Alicante Golf, (golfvöllurinn við Hesperia hótelið), þess efnis að farþegar okkar á Oasis Plantio býðst að leika 18 holur á Alicante Golf einn eftirmiðdag án endurgjalds, (með golfbíl). Ég mun kanna áhuga hópsins í upphafi ferðar og ef það eru einhverjir sem hafa áhuga þá bóka ég rástíma með 2-4 daga fyrirvara á Hesperia. Eina sem þarf að greiða er leigubíll fram og til baka, (um 15 mín hvora leið). Fyrir þá sem hafa ekki leikið Alicante Golf, (Ballesteros völlur), hvet ég til að nýta þetta tækifæri. Þetta er að mínu mati mjög skemmtilegur og góður völlur sem gaman er að spila.

Hesperia hótelið



Séð yfir 18.flötina á Alicante Golf.



Stóri völlurinn

CAMPO 1		SLOPE		
AMARILLAS/YELLOW			ROJAS/RED	
-4,5 / -4,1	-5		-4,5 / -3,8	-2
-4,0 / -3,3	-4		-3,7 / -2,9	-1
-3,2 / -2,4	-3		-2,8 / -2,0	0
-2,3 / -1,5	-2		-1,9 / -1,1	1
-1,4 / -0,6	-1	-1,0 / -0,1	2	
-0,5 / 0,3	0	0,0 / 0,8	3	
0,4 / 1,2	1	0,9 / 1,7	4	
1,3 / 2,1	2	1,8 / 2,6	5	
2,2 / 3,0	3	2,7 / 3,5	6	
3,1 / 3,9	4	3,6 / 4,4	7	
4,0 / 4,8	5	4,5 / 5,3	8	
4,9 / 5,6	6	5,4 / 6,2	9	
5,7 / 6,5	7	6,3 / 7,1	10	
6,6 / 7,4	8	7,2 / 8,1	11	
7,5 / 8,3	9	8,2 / 9,0	12	
8,4 / 9,2	10	9,1 / 9,9	13	
9,3 / 10,1	11	10,0 / 10,8	14	
10,2 / 11,0	12	10,9 / 11,7	15	
11,1 / 11,9	13	11,8 / 12,6	16	
12,0 / 12,8	14	12,7 / 13,5	17	
12,9 / 13,7	15	13,6 / 14,4	18	
13,8 / 14,5	16	14,5 / 15,4	19	
14,6 / 15,4	17	15,5 / 16,3	20	
15,5 / 16,3	18	16,4 / 17,2	21	
16,4 / 17,2	19	17,3 / 18,1	22	
17,3 / 18,1	20	18,2 / 19,0	23	
18,2 / 19,0	21	19,1 / 19,9	24	
19,1 / 19,9	22	20,0 / 20,8	25	
20,0 / 20,8	23	20,9 / 21,7	26	
20,9 / 21,7	24	21,8 / 22,6	27	
21,8 / 22,5	25	22,7 / 23,6	28	
22,6 / 23,4	26	23,7 / 24,5	29	
23,5 / 24,3	27	24,6 / 25,4	30	
24,4 / 25,2	28	25,5 / 26,3	31	
25,3 / 26,1	29	26,4 / 27,2	32	
26,2 / 27,0	30	27,3 / 28,1	33	
27,1 / 27,9	31	28,2 / 29,0	34	
28,0 / 28,8	32	29,1 / 29,9	35	
28,9 / 29,7	33	30,0 / 30,8	36	
29,8 / 30,6	34	30,9 / 31,8	37	
30,7 / 31,4	35	31,9 / 32,7	38	
31,5 / 32,3	36	32,8 / 33,6	39	
32,4 / 33,2	37	33,7 / 34,5	40	
33,3 / 34,1	38	34,6 / 35,4	41	
34,2 / 35,0	39	35,5 / 36,3	42	
35,1 / 35,9	40	36,4 / 37,2	43	
36,0 / 36,8	41	37,3 / 38,1	44	
36,9 / 37,7	42	38,2 / 39,0	45	
37,8 / 38,6	43	39,1 / 40,0	46	
38,7 / 39,5	44	40,1 / 40,9	47	
39,6 / 40,3	45	41,0 / 41,8	48	
40,4 / 41,2	46	41,9 / 42,7	49	
41,3 / 42,1	47	42,8 / 43,6	50	
42,2 / 43,0	48	43,7 / 44,5	51	
43,1 / 43,9	49	44,6 / 45,4	52	
44,0 / 44,8	50	45,5 / 46,3	53	
44,9 / 45,7	51	46,4 / 47,2	54	
45,8 / 46,6	52	47,3 / 48,0	55	
46,7 / 47,5	53			
47,6 / 48,0	54			

Litli völlurinn

CAMPO2						
SLOPE						
AMARILLAS		HJU		ROJAS		HJU
SLOPE : 88 V.PAR :53,1 PAR : 54				SLOPE : 90 V.PAR :55,6 PAR : 54		
-4,5 / -3,4		-4		-4,5 / -3,9		-2
-3,3 / -2,1		-3		-3,8 / -2,7		-1
-2,0 / -0,8		-2		-2,6 / -1,4		0
-0,7 / 0,5		-1		-1,3 / -0,2		1
0,6 / 1,7		0		-0,1 / 1,1		2
1,8 / 3,0		1		1,2 / 2,3		3
3,1 / 4,3		2		2,4 / 3,6		4
4,4 / 5,6		3		3,7 / 4,8		5
5,7 / 6,9		4		4,9 / 6,1		6
7,0 / 8,2		5		6,2 / 7,4		7
8,3 / 9,5		6		7,5 / 8,6		8
9,6 / 10,7		7		8,7 / 9,9		9
10,8 / 12,0		8		10,0 / 11,1		10
12,1 / 13,3		9		11,2 / 12,4		11
13,4 / 14,6		10		12,5 / 13,6		12
14,7 / 15,9		11		13,7 / 14,9		13
16,0 / 17,2		12		15,0 / 16,1		14
17,3 / 18,4		13		16,2 / 17,4		15
18,5 / 19,7		14		17,5 / 18,7		16
19,8 / 21,0		15		18,8 / 19,9		17
21,1 / 22,3		16		20,0 / 21,2		18
22,4 / 23,6		17		21,3 / 22,4		19
23,7 / 24,9		18		22,5 / 23,7		20
25,0 / 26,1		19		23,8 / 24,9		21
26,2 / 27,4		20		25,0 / 26,2		22
27,5 / 28,7		21		26,3 / 27,4		23
28,8 / 30,0		22		27,5 / 28,7		24
30,1 / 31,3		23		28,8 / 30,0		25
31,4 / 32,6		24		30,1 / 31,2		26
32,7 / 33,8		25		31,3 / 32,5		27
33,9 / 35,1		26		32,6 / 33,7		28
35,2 / 36,4		27		33,8 / 35,0		29
36,5 / 37,7		28		35,1 / 36,2		30
37,8 / 39,0		29		36,3 / 37,5		31
39,1 / 40,3		30		37,6 / 38,7		32
40,4 / 41,6		31		38,8 / 40,0		33
41,7 / 42,8		32		40,1 / 41,3		34
42,9 / 44,1		33		41,4 / 42,5		35
44,2 / 45,4		34		42,6 / 43,8		36
45,5 / 46,7		35		43,9 / 45,0		37
46,8 / 48,0		36		45,1 / 46,3		38
				46,4 / 47,5		39
				47,6 / 48,0		40